

146. löggjafarþing 2016–2017.  
Þingskjal 1107 — 592. mál.

## Svar

**mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Ástu Guðrúnu Helgadóttur um kostnað vegna dómsmála Lánasjóðs íslenskra námsmanna.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur kostnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna verið við málarekstur fyrir íslenskum dómstólum á ári frá árinu 2000? Svar óskast sundurliðað eftir árum, á verðlagi hvers árs og verðlagi ársins 2016.*

Fyrirspurnin var send til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en þaðan fengust þau svör að ekki væri haldið sérstaklega utan um lögfræðikostnað í bókhaldi sem væri tilkominn vegna málareksturs sjóðsins. Aðkeypt lögfræðiþjónusta væri margvísleg, t.d. vegna almennrar innheimtuþjónustu, málareksturs fyrir dómstólum, gerðar minnisblaða o.s.frv.

Ráðherra hefur ekki aðgang að öðrum upplýsingum um málið.